

KIRKJUGARÐARÁÐ

72. fundur haldinn 31. ágúst 2009 Haldinn á Bláa Hafinu í Ölfusi.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Sigurgeir Skúlason verkefnisstjóri, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson, Smári Sigurðsson og Gunnar Bollason sem ritaði fundargerð.

Farið var frá Biskupsstofu kl. 11.00 að morgni 31. ágúst og komið að Bláa hafinu um hádegið.

1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar

Fundur settur kl. 12:00 og fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

2. Tekjuskerðing kirkjugarða

Þórsteinn Ragnarsson gerði í stuttu máli grein fyrir þeirri tekjuskerðingu sem kirkjugarðar landsins hafa orðið fyrir í kjölfar efnahagshrunsins. Nemur skerðingin í ár yfir 10% og ef svo heldur fram sem horfir mun hún hafa talsverð áhrif á rekstur kirkjugarða um allt land.

3. Ársreikningur Kirkjugarðasjóðs

Ársreikningur Kirkjugarðasjóðs fyrir árið 2008 lagður fram til kynningar.

4. Næsti fundur

Ákveðið var að næsti fundur yrði 21. september.

5. Önnur mál

Fundi slitið kl. 13:30.

Að fundi loknum var farið á Selfoss þar sem hitt var fyrir sóknarnefnd, kirkjugarðsvörður og hönnuður kirkjugarðsins og kynntu þau endurbætur og stækkun garðsins. Síðan var farið að Kotströnd þar sem formaður kirkjugarðsstjórnar tók á móti ráðinu og sýndi nýlega stækkun á kirkjugarðinum og endurbætur á hleðslu eldri hluta garðsins sem skemmdist í jarðskjálfta 29. maí 2008.

Komið til Reykjavíkur um kl. 17:00.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Gunnar Bollason,
ritari